

Morðingi Lindbergh-barnsins dæmdur

Á þessum degi
13. febrúar 1935




Bruno Richard Hauptmann var dæmdur til dauða.



Faðir drengsins, Charles Lindbergh eldri.

Sjálfur Al Capone, sem var bak við lás og slá, bauðst til að láta finna barnið og skila því gegn lausn úr prisundinni. Sú aðstoð var afþökkuð



Auglýst var eftir barninu í blöðum.



Charles litli Lindbergh skömmu áður en honum var rænt.

Angist greip um sig á heimili flugkappans Charles Lindberghs og eiginkonu hans, Anne, í East Amwell í New Jersey að kvöldi 1. mars 1932 þegar í ljós kom að frumburður þeirra, hinn tuttugu mánaða gamli Charles Augustus yngri, var horfinn úr vöggu sinni. Barnfóstran hafði lagt drenginn til hvílu um áttaleytið en þegar hún leit inn til hans tveimur klukkustundum síðar var hann horfinn.

Lögregla var þegar í stað kvödd á vettvang. Fann hún fótspor í blómabeðum við húsið og ósjálegan stiga í runna í grenndinni. Það benti til mannráns og öll tví-mæli voru tekin af þegar Lindbergh sjálfur fann bréf í húsinu. Í bréfinu, sem skrifað var á bjagaðri ensku, var Lindbergh vinsamlega beðinn um að hafa 50 þúsund Bandaríkjadali tilbúna eftir tvo til fjóra daga. Barnið væri í góðum höndum. Hann var jafnframt varaður við að blanda lögreglu og fjölmiðlum í málið. Það var of seint. Í bréfinu kom fram að Lindbergh yrði upplýstur frekar um næstu skref í málinu.

Í örvæntingu sinni setti Lindbergh sig í samband við menn sem þekktu til í undirheimunum og sjálfur Al Capone, sem var bak við lás og slá, bauðst til að láta finna barnið og skila því gegn lausn úr prisundinni. Sú aðstoð var afþökkuð. Þá lofaði Herbert Hoover, forseti Banda-

rikkjanna, að láta snúa við hverjum steini til að finna barnið en Lindbergh var þjóðhetja í Bandaríkjunum eftir að hann flaug fyrstur manna yfir Atlantsála.

Fleiri bréf bárust á næstu dögum með nánari leiðbeiningum. Lögregla var sannfærð um að bréfin væru frá mannræningjanum en þau voru póstlögð í New York. Í kjölfarið skarst bláókunnugur kennari í New York, John F. Condon, í leikinn og bauð eitt þúsund dali fyrir upplýsingar sem gætu leitt til þess að barnið myndist. Condon komst í samband við mannræningjann og hitti hann í kirkjugarði í borginni með samþykki Lindberghs. Maðurinn huldí andlit sitt en Condon var sannfærður um að hann væri af erlendu bergi brotinn. Condon bað manninn að senda Lindbergh-hjónunum staðfestingu á því að hann hefði barnið í sinni vörslu áður en lausnargjaldið yrði greitt. Það gerði maðurinn, sendi náttföt barnsins.

Málsaðilar sættust á að hittast í tóðum kirkjugarði 2. apríl 1932, mánuði eftir barnshvarfið, þar sem ræninginn fengi greitt. Lindbergh þorði ekki að blanda lögreglu í það mál. Meintur mannræningi tók við fénu og upplýsti Condon og Lindbergh um að barnið væri á bátnum Nelly á Martha's Vineyard. Lindbergh og Condon brunuðu þangað en gripu í tómt. Engan bát með þessu nafni var að finna, þeir höfðu verið gabbáðir.

Rúmum mánuði síðar, 12. maí 1932, dundi reiðarslagið yfir. Illa leikið lík Charles litla fannst í trjálundi skammt frá heimili Lindbergh-hjónanna. Krufning leiddi í ljós að banamein drengsins var þungt höfuðhögg.

Hvorki gekk né rak við rannsókn málsins næstu mánuði en lögregla sinni því áfram af nokkrum þunga. Helst fólst rannsóknin í því að skoða stórar upphæðir af sjaldgæfum seðlum með gullmerkingu en seðlarnir sem mannræninginn hafði fengið afhenta voru þeirrar gerðar. Lengi vel skilaði þetta engu eða þangað til lögregla komst á slóð þýsks innflytjanda í New York, Brunos Richards Hauptmanns. Það gerðist með þeim hætti að vaktstjóri á bensinstöð hafði skrifað bílnúmer Hauptmanns á seðil, sem hann þáði af honum, fyrir þær sakir að honum þótti viðskiptavinurinn grunsamlegur.

Við húsleit hjá Hauptmann fannst sitthvað sem tengdi hann við málið, svo sem hluti lausnargjaldsins, símanúmer Condons og samskonar efni og stiginn sem fannst í garði Lindberghs var smíðaður úr. Þetta dugði til að sakfella Hauptmann fyrir mannrán, fjárkúgun og morð, á þessum degi 1935. Hann hlaut dauðadóm og var tekinn af lífi 3. apríl 1936, fjórum árum eftir að barnið hvarf. Hauptmann neitaði staðfestlega sök allt til dauðadags.

orri@mbl.is

Arfleifðin í tilfinningalífi ungmenna

Það er ekki auðvelt verk að standa í niðurskurði útgjalda. Einu gildir hvort um er að ræða einkafyrirtæki, opinbera aðila eða heimili. Þeir sem bera beina ábyrgð á peningunum hafa skýr og einföld markmið: að ná kostnaði niður. Það skiptir meginmáli frá þeirra sjónarhóli séð. Oft eru einhverjir stuðpúðar á milli þeirra og hinna, sem fyrir niðurskurðinum verða, þannig að þeir finna ekki jafn mikið fyrir sársaukanum.

Þeir sem bera ábyrgð á efni máls sjá gjarnan aðrar hliðar og hafa kannski víðari sýn á afleiðingarnar. Þeir hugsa líka meira um það, hvernig að honum er staðið og hvernig komið er fram við þá sem fyrir aðgerðunum verða enda er það eldur sem getur brunnið heitt á þeim sjálfum.

Þessar meginlínur þekkja allir sem tekid hafa þátt í niðurskurði útgjalda, hvort sem um háar fjárhæðir eða lágar er að ræða. Þeim sem fyrir niðurskurði verða finnst hann alltaf ósanngjarn. Allt er þetta sársaukafullt og fyrir báða aðila. Það er ekki auðvelt fyrir yfirmann að segja samstarfsmanni til margra ára upp starfi.

Þeir sem ganga til niðurskurðar með það eitt í huga að hreinsa út kostnað og loka augunum fyrir öðrum hliðum málsins eru ekki starfi sínu vaxnir. Og gjarnan er það svo, að þeir sem gefa fyrirmæli um niðurskurð sjá yfirleitt meiri möguleika á niðurskurði hjá öðrum en sjálfum sér. Allir stjórnvaldaflokkar keppast við að segja að þeir vilji verja grunnþjónustuna í samfélaginu en oftast er ekki virðist grunnþjónustan vera nærtækust til niðurskurðar.

Sl. miðvikudagsmorgun var haldinn foreldrafundur í þeim merka skóla, Laugarnesskólanum. Honum er lýst með þessum orðum í Morgunblaðinu daginn eftir:

„Brúnaþungir foreldrar mættu á fund með skólalastjóra Laugarnesskóla í gær-morgun, þar sem farið var yfir stöðu mála í skugga niðurskurðartillagna borgaryfirvalda. Mál manna var að sjaldan ef nokkurn tíma hefði jafn fjölmennur foreldrafundur verið haldinn en öll sæti voru skipuð og fullt út úr dyrum. Áhyggjur foreldra voru auðsjáanlegar og ályktun foreldrafélagsins samþykkt með dynjandi lófaklappi. Afstaðan er skýr: hingað og ekki lengra.“

Reykjavíkurborg er ekki eina sveitarfélagið, sem stendur í niðurskurði og Laugarnesskólinn ekki eini skólinn sem fyrir þeim niðurskurði verður. Gera má ráð fyrir, að sama viðhorf ríki í flestum ef ekki öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurskurður á framlögum til tónlistarskóla hefur vakið athygli og umræður og þarf áreiðanlega mikið til að ein skærasta stjarna íslenzkrar menningar um þessar mundir, Víkingur Heiðar Ólafsson, pianóleikari, blandi sér í umræður um slík málefni en það hefur hann gert.

Fyrir nokkrum dögum var frá því skýrt, að starf tónlistarráðunautar Kópavogsbæjar hefði verið lagt niður en því hefur Jónas Ingimundarson, pianóleikari, gegnt frá árinu 1995. Eitt af verkefnum hans hefur verið að kynna sígilda tónlist í skólum Kópavogsi. Starfið er lagt niður í sparnaðarskyni ásamt öðrum aðgerðum sem stefna að sama marki.

Er sjálfsgat að líta á tónlist og tónlistarkennslu sem einhvers konar viðbót í menntun barna og unglunga, sem er í lagi að skera niður þegar harðnar í ári? Sjálfsgat líta einhverjir svo á og væntanlega eru það þau sjónarmið, sem ráða ferðinni þegar framlög til tónlistarskóla eru skorin niður í sveitarfélögum eða starf tónlistarráðunautar lagt niður hjá Kópavogsbæ.

Við sem urðum þeirrar gæfu aðnjótandi að njóta tónlistarkennslu Ingólfs Guðbrandssonar í Laugarnesskólanum fyrir sex áratugum vitum hins vegar hvers konar áhrif það hafði á okkur og líf okkar að sá frumherji, sem hann var, opnaði okkur sýn í veröld klassískrar tónlistar. Sú kennsla og upplýsing hafði ekki bara áhrif á okkur, sem einstaklinga heldur reynum við að miðla henni áfram til afkomenda okkar.

Tónlistarkennsla er grundvallaratriði ekkert síður en sú almenna kennsla sem fram fer í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Mót-mæli foreldranna í Laugarnesskól-

anum sl. miðvikudagsmorgun og gagnrýni tónlistarmanna á niðurskurð til tónlistarkennslu eru til marks um að við sem samfélag erum ekki á réttri leið í niðurskurðaraðgerðum.

Áður en ráðist er á grundvallarþætti í menntun, velferð og heilbrigðisþjónustu þarf að sýna fram á, að allra annarra leiða hafi verið leitað. Það hefur ekki verið gert. Alþingi, ráðherrar, æðstu embættismenn, sveitarstjórnir og nánustu trúnaðarmenn þeirra, allir þeir sem hafa valdið í höndunum til niðurskurðar hafa ekki byrjað á sjálfum sér heldur öðrum.

Jónas Ingimundarson veitti ráðamönnum Kópavogsbæjar þann innblástur sem þurfti til að byggja Salinn, fyrsta sérhannaða tónlistarsalinn á Íslandi, sem hefur fest þetta bæjarfélag í sessi sem menningarbæ. Þangað hefur hann leitt marga mikla tónlistarmenn en þó hefur samstarf hans og Kristins Sigmundssonar, þess íslensks óperusöngvara sem nú syngur mest í fremstu tónleikahúsum veraldar, sérstöðu. Þeir hafa sett svip á bæinn.

En merkustu arfleifðina sem hann skilur eftir sig sem tónlistarráðunautur Kópavogsbæjar er þó að finna í tilfinningalífi þeirra fjölmörgu ungmenna sem hafa orðið fyrir varanlegum áhrifum af því að kynast hinni ótrúlega fögru veröld tónlistarinnar sem gerir þau öll að betra fólki.

Er Kópavogsbær betur staddur fjárhagslega eftir þennan niðurskurð? Eru upprennandi kynslóðir Kópavogsbæjar betur staddar? Ég held ekki.

Af innlendum vettvangi ...

Styrmir Gunnarsson
styrmir@mbl.is

